

Myndlist

Fés og form


Ólafur Lárusson sýnir málverk og skulptúra á Kjarvalsstöðum

Þetta eru einhverskonar formvangaveltur, en ég ímynda mér samt sem áður að ég sé að mála landslag þótt formin séu stíf, segir Ólafur Lárusson myndlistarmaður, sem opnaði sýningu í vestursal Kjarvalsstaða síðastliðinn laugardag.

Ég nota þá liti og það efni sem hendi er næst þegar mig langar að mála, hvort sem það er olía, vatnslitir, akrýllitir, pennti eða blýantur. Einnig vinn ég mjög hratt. Hugmyndin kviknar fyrirfram og mestu skiptir að koma

henni í efni, og þá breytir engu hvort það er olía eða steinsteypa. Það er gaman að vinna einvörðungu úr því efni sem maður hefur, í því er viss ögrun. Ég fullgeri oft myndir á nokkrum klukkustundum og krukka aldrei í þær daginn eftir.

Á nokkrum myndanna má sjá skritin andlit eða fés. Þetta eru allt góðir andar, ég velti mikið fyrir mér þjóðsögum og þjóðháttum, en fólk finnst það kannski dálítið langsótt. Óhlutbundnu formin eru heldur ekki út í bláinn, eins og áður sagði.



„Ég nota það efni sem ég hef við hendina, í því er viss ögrun, auk þess get ég þannig notfært mér það ástand sem ég er í.“ Ólafur Lárusson myndlistarmaður að vinna við uppsetningu sýningarinnar sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum. Mynd: Kristinn.

Listasafn Sigurjóns

Gert að sjálfseignarstofnun


Þann 21. október næstkomandi verða liðin tvö ár frá vígslu Listasafns Sigurjóns Ólafssonar, en hún var haldin á áttæðisafmæli listamannsins. Safnið hefur verið rekið sem einkasafn, en hefur nú að ósk eigenda þess verið gert að sjálfseignarstofnun.

Samkvæmt samþykkt frá dómsmálaráðuneytinu stjórnar stofnandinn, Birgitta Spur, safninu ásamt tólf manna fulltrúaráði. Fimm manna stjórn er skipuð Birgittu Spur og tveimur aðilum sem hún tilnefnir, auk tveggja sem kosnir eru af fulltrúaráðinu.

Stofnfundur fulltrúaráðs Listasafnsins var haldinn þann 28. mars sl. og var það þá þannig skipað: Anna Einarsdóttir, Björg Þorsteinsdóttir, Brynja Benediksdóttir, Erlingur Jónsson, Gísli Sigurðsson, Hörður Sigurðsson, Ingi R. Helgason, Jóhann Möller, Karólína Eiríksdóttir, Kristján Guðmundsson, Ólafur Ö. Johnson og Pétur Guðmundsson.

Fyrsti aðalfundur nýju sjálfseignarstofnunarinnar var haldinn í lok maí sl. og tilnefndi Birgitta Spur þar þau Aðalstein Ingólfsson og Hlíf Sigurjónsdóttir í stjórn safnsins, en fulltrúaráðið kaus Önnu Einarsdóttur og Gísla Sigurðsson.

Starfsemi Styrktarsjóðs Listasafnsins er óbreytt og stjórn hans skipa þau Birgitta Spur, Baldvin Tryggvason og Matthías Johannessen.



Ásgerður Búadóttir í vinnustofu sinni. Mynd: Leifur Þorsteinsson.

Vefjarlist

Ásgerður Búadóttir sýnir í Borgarnesi

Listakonan Ásgerður Búadóttir sýnir nú í Listasafni Borgarness. Þetta er fyrsta einkasýning Ásgerðar utan höfuðborgarinnar, en hún hefur auk þess tekið þátt í samsýningum víða um heim. Á síðastliðnu sumri átti hún verk á sýningunni NordForm '90 í Malmö, á farsýningu á íslenskri list um Bretland og á sýningunni Color and Form í Washingtonborg í Bandaríkjunum.

Ásgerður er fædd í Borgarnesi, og þar bjuggu foreldrar hennar um árabil. Sýning hennar í Listasafni Borgarness stendur til 21. október og er opin alla virka daga.

BANANA BOAT Græðandi línan

Gegn framvísun þessa miða færð þú frían BANANA BOAT græðandi Aloe Vera varasalva. Gildir í dag og á morgun.

HEILSUVAL Barónsstíg 20
11275 og 626275

Hárlós? Líflaust hár? Skallí? Vöðvabólga? Hrukkur? Baugar? Aukakító?

Sársaukalaus „nálarstunguáferð“ með leyser og rafmagnsnúdd. Vitamingreining. Orkumæling.



BÍLASTÆÐASJÓÐUR REYKJAVÍKUR

Bílastæðasjóður Reykjavíkur vill að gefnu tilefni vekja athygli á 109. gr. umferðarlaganna nr. 50 frá 1987, en þar stendur m.a.: „Gjald sem lagt hefur verið á skv. 1. mgr. 108. gr., hvílir á þeim, sem ábyrgð ber á stöðvun ökutækis eða lagningu. Eigandi ökutækis eða umráðamaður ber einnig ábyrgð á greiðslu gjaldsins, ef það greiðist ekki innan tilskilins frests, nema sannað verði að ökumaður hafi notað ökutækið í algjöru heimildarleysi. Gjaldið nýtur lögtaksréttar og lögveðs í viðkomandi ökutæki.“

Samkvæmt framansögðu þá er skráður eigandi ábyrgur fyrir þeim stöðubrotagjöldum sem á bifreiðina kunna að falla. Mjög algengt er að seljendur ökutækja vanræki að tilkynna sölu bifreiða sbr. 20. gr. rgj. um skráningu ökutækja nr. 523 frá 1988 þar sem segir m.a.: „Nú verða eigendaskipti að ökutæki og skal þá bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi innan 7 daga senda Bifreiðaskoðun skriflega tilkynningu um eigendaskiptin, en hinn fyrri eigandi skal standa skil á tilkynningunni. Sama á við um breytingu á skráningarskyldum umráðum ökutækis.“

Eigendaskipti skal tilkynna á eyðublaði sem gert er samkvæmt fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins og Bifreiðaskoðun lætur í té. Forðist óþægindi og greiðslu gjalda sem aðrir eiga sök á, með því að sinna lögboðnum tilkynningum um eigendaskipti strax og sala bifreiða fer fram.



Gatnamálastjórnin

FRÉTTALJÓSMYNDIR WORLD PRESS PHOTO '90

Sýning í Listasafni ASÍ 6. október til 14. október 1990
Opíð alla daga frá kl. 14 til 19